

Tillaga til þingsályktunar

um skipan frídaga að vori.

Flm.: Samúel Örn Erlingsson, Bjarni Harðarson, Birkir Jón Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem vinni að undirbúningi lagasetningar um breytta skipan frídaga að vori til hagræðis fyrir almenning og til að auka framleiðni í atvinnulífinu. Nefndin fjalli um eftirfarandi breytingar:

- a. að flytja fimmtudagsfrídaga yfir á föstudaginn eftir,
- b. að 1. maí verði haldinn hátíðlegur sem frídagur verkamanna, fyrsta mánudag í maí.

Greinargerð.

Landsmenn eiga allajafna frídag tvo fimmtudaga á hverju vori, þannig að hvorki er frídagur á undan eða eftir. Þessir frídagar tveir eru uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti. Sömuleiðis eiga landsmenn frídag 1. maí, sem fellur eðlilega til skiptis á daga vikunnar.

Flestir eru sammála um það að stakir frídagar eru á margan hátt óheppilegir á vinnustöðum. Þeir skapa óhagræði og draga úr framleiðni, og valda að margra mati því að vinnuvikan verður varla nema þrír dagar. Á sama hátt nýtist stakur frídagur launþegum ekki nema að nokkru leyti, með vinnudag á undan og eftir.

Í mörgum nágrannaríkjum Íslands hefur þessari skipan verið breytt og stakir frídagar verið færðir að helgum eða felldir að öðru fríi. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að koma svipuðu á hérlandis, m.a. með framlagningu þingsályktunartillagna á 117. og 132. þingi og þá í tengslum við breytingu á sumartíma o.fl. Aðilar vinnumarkaðar hafa einnig fjallað um þessi mál í tengslum við kjarasamninga, án þess að breytingar hafi orðið. Því er ekki að neita að hér getur verið um tilfinningamál að ræða, sumardagurinn fyrsti markar upphaf sumars samkvæmt gamalli hefð, uppstigningardagur er helgidagur þjóðkirkjunnar og 1. maí hefur bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna. Eðlilegt er þó að ganga beint til þessa verks, en leggja um leið áherslu á gildi þessara daga og það að almenningi sé gert auðveldara að hafa þá í heiðri. Með því er hlúð bæði að framleiðni fyrirtækja og samverustundum fjölskyldna í landinu.

Lagt er til að nefnd verði sett til að skoða möguleika á lagasetningu sem lengir helgar fyrir almenning og stuðlar jafnframt að betri nýtingu vinnuvikunnar hjá atvinnurekendum. Það væri til að mynda ákjósanlegur möguleiki að sumardagurinn fyrsti og uppstigningardagur yrðu haldnir hátíðlegir daginn eftir, á föstudegi, og lengdu þannig helgar. Á sama hátt yrði vinnuvikan þá samfelldir fjórir dagar og nýtist því betur. Viðbúið er að flutningur frídags vegna uppstigningardags verði viðkvæmt mál þar sem hann er einn af helgidögum þjóðkirkjunnar. Í því sambandi er bent á að skv. 1. tölul. 2. gr. laga um helgidagafrið, nr. 32/1997, hefur uppstigningardagur sömu stöðu og almennir sunnudagar, annar í páskum, annar í hvítasunnu o.fl.

Hvað varðar 1. maí væri t.d. hægt að hafa þann hátt á að hann verði ævinlega haldinn hátíðlegur fyrsta mánudag í maí og lengja þannig helgi. Að sama skapi fengi almenningur aukafrídag þau ár sem 1. maí kæmi upp á laugardegi eða sunnudegi.